

Nd.

901. Nefndarálit

[346. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frá 1. minni hl. félagsmálanefndar.

Undirritaður getur ekki mælt með samþykkt frumvarpsins óbreytts. Greinilegt er að sú lækkun á útsvari, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er of mikil þegar litið er til mismunandi aðstæðna sveitarfélaga og virðist því eðlilegt að taka undir kröfu sveitarstjórnarmanna um að fellt verði úr frumvarpinu takmarkandi ákvæði um hluta útsvars af útsvarsstofni og að sú ákvörðun verði í höndum þeirra sem bera pólitíska ábyrgð á afkomu sveitarfélaganna. Eins verður ekki séð hvaða nauðsyn ber til að félagsmálaráðherra ákveði hvort sveitarfélög megi ná endum saman í rekstri sínum. Minna má á að sveitarstjórnir hafa ekki möguleika á yfirdrætti í Seðlabanka eins og ríkissjóður þannig að það er alvarlegra mál fyrir þær ef rekstur er ekki í jafnvægi.

Ákvæðið í 32. gr. staðgreiðslufrumvarpsins um 0,5% innheimtulaun ríkissjóðs af útsvörum er ekkert annað en hækkun útsvars og alls ekki réttlætanleg þar sem kostnaður sveitarstjórna af innheimtu minnkar ekki. Gerð hefur verið sú athugasemd við innheimtuáform staðgreiðslufrumvarpsins að þau beri hreint og beint vott um algera vanþekkingu á framkvæmd innheimtu í smærri sveitarfélögum. Innheimtan á ekki að vera í höndum skattstjóra heldur gjaldheimtu eða sveitarstjórna, annars nást tekjurnar ekki inn. Sumir sveitahreppar missa verulegar tekjur langt fram á næsta ár ef ekki verður séð fyrir því með breytingum á framkvæmd greiðslna úr ríkissjóði. Sama gildir um greiðslur úr Jöfnunarsjóði.

Að öllu þessu upp töldu er ljóst að ekki er hægt að mæla með samþykkt frumvarpsins óbreytts.

Alþingi, 13. mars 1987.

Karvel Pálmason,
fundaskr.